

Fundur skólaráðs

Mætt: Brynja Ásdís Einarsdóttir og Björn Páll Fálki Valsson fulltrúar foreldra í foreldrafélaginu, Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Valgerður Júlíusdóttir aðstoðarskólastjóri, Sigurlaug M. Ómarsdóttir fulltrúi starfsmanna, fulltrúar nemenda í nemendafélagi mættu ekki. Sigrún Jóna Eydal var fulltrúi úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu í fyrra en hún var ekki boðuð. Haft verður samband við hana fyrir næsta fund.

Boðuðu forföll: Sólveig Baldursdóttir fulltrúi kennara.

Vantar fulltrúa nemenda í nemendafélaginu og fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu.

Dagskrá fundar

1. Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2024-2025
2. Viðburða og skóladagatal
3. Skipulag og áherslur vetrarins, teymi og fleira
4. Breyting á skóladagatali
5. Skólanámskrá – starfsáætlun fyrir 2024-2025
6. Skólapúls
7. Önnur mál

1. Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2024-2025

Farið yfir starfsáætlun út frá verkefnum og fundardaga. Ákveðið að skólastjóri finni út betri vikudag til fundarhalda. Á plani eru fimm fundir í vetur og eru fundarmenn sammála um að það sé finnr fjöldi funda. Kallað verður til aukafunda ef þörf krefur.

2. Viðburða og skóladagatal

Viðburða- og skóladagatal er á heimasíðu skólans. Á dagatalinu er skipulag vetrarins með helstu viðburðum skólaársins. Farið var í gegnum fasta liði á viðburðardagatalinu.

3. Skipulag og áherslur vetrarins, teymi og fleira

Haustið fer vel af stað. Í skólanum eru öll lögbundin teymi starfandi ásamt teymum sem tengjast verkefnum sem skólinn tekur þátt í. Skipulag skólans er í sínum hefðbundna farvegi. Nokkrir nýir kennarar annars ágætlega mannað.

Rætt var um langtíma veikindi umsjónarkennara. Fulltrúar foreldra deildu áhyggjum sínum af langtímaveikindum umsjónarkennara og velta fyrir sér hvernig innkoma þeirra verði háttáð. Þau lýstu yfir ánægju með aukna tíma í sundi á yngsta stigi, að allir sætu við sama borð.

4. Breyting á skóladagatali – samþykkt samhljóða

Kynntar voru breytingar sem skólinn vill gera varðandi útskriftardaga í júní þ.e. færa útskriftardaga og hafa 10.b á fimmtudegi 5.júní og 1.-9.b. á föstudagsmorgni 6.júní, fyrir hvítasunnuhelgina. Í staðinn yrði tvöfaldur nemendadagur að loknum þemadögum þar sem afraksturinn er sýndur á opnu húsi.

Tillagan var samþykkt og er vísað til fræðsluráðs.

5. Skólanámskrá – starfsáætlun fyrir 2024-2025

Skólanámskrá og starfsáætlun eru í vinnslu. Skólanámskrár eru settar inn í Mentor en ekki inn á heimasíðu skólans (ekki framkvæmanlegt eins og staðan er núna). Skólanámskrár eru á lokametrunum.

6. Undanþágur í aðalnámskrá

Farið var yfir nýjar undanþágur í aðalnámskrá.

Rætt um kynjaskiptingu í sundi. Skólastjóri fékk erindi frá nemendum fyrir stuttu þar sem óskað er eftir að kynjaskipta sundtímum.

Farið yfir símareglur eða tillögur fræðsluráðs. Fulltrúar foreldra eru tilbúin til að standa með skólanum varðandi símareglur í símanum. Búið að gera sáttmála í 8.bekk og útbúa plaköt sem verða hengd upp í stofum nemenda.

Þetta mál er til umræðu innanhúss og eru foreldrar tilbúnir að standa með skólanum í þessari vinnu.

7. Skólapúls

Farið yfir fyrsta hlutann, lítið úrtak og ekki marktækt.

Önnur mál

- Lýðræðisþing er áætlað eftir áramót.
- Róla fyrir fatlaða – athuga hvort skólinn geti fengið eitt stykki.
- Gagavöllur – er ekki á áætlun en hefur verið rætt meðal kennara að útbúa sjálfir völl.

Fleira ekki rætt – fundi slitið um 09:30.

Næsti fundur verður í janúar.

Ritari: Dagný Kristinsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir